

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Ráðgjafanefnd um Friðland að Fjallabaki		Síða
Dags. fundar 07.02.2020	Tími 13:00-15:00	Staður Umhverfisstofnun Hellu	Nr. fundar 2
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Hákon Ásgeirsson		Málsnr. UST202002-418
<b>Fundarmenn:</b> Frá Umhverfisstofnun: Hákon Ásgeirsson. Frá Ferðafélagi Íslands Ólafur Örn Haraldsson. Frá Sveitarfélaginu Rangárþing ytra: Sigurgeir Guðmundsson, Magnús Jóhannsson og Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir			
<b>Fjarverandi:</b> Afrít sent Öllu nefndarfólki.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	<p><b>Yfirferð drög að stjórnunar- og verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki</b> <b>Fulltrúi Umhverfisstofnunar (UST) fór yfir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Ferli vinnunnar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar friðlandsins sem hófst í febrúar 2017. Nú eru drögin komin og eftir fundi með ráðgjafanefnd verður áætlunin afgreidd frá UST og sett í auglýsingu.</li> <li>Farið yfir drög að verndaráætlun og athugasemdir og ábendingar fulltrúa í ráðgjafanefnd.</li> </ul>	<i>Allir</i>
2	<p><b>Helstu athugasemdir og ábendingar frá fulltrúm ráðgjafanefndar:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Gerðar voru athugasemdir við orðalag um deiliskipulag Landmannalauga og var það tekið til skoðunar. UST sendir fyrirspurn á byggingafulltrúa um skýringu á ákveðnum þáttum skipulagsins í sambandi við breytingu sem var gerð á skipulaginu í ágúst varðandi áframhaldandi gistipjónustu í skála FÍ.</li> <li>Lagt til að reglur um hjólreiðar verði skýrari og þar sem mikil hættu er á jarðvegsrofi og árekstrum við göngufólk verði hjólreiðar takmarkaðar.</li> <li>Reiðleið um Kýlingaskarð verði almenn reiðleið þar sem rekstur er heimill.</li> <li>Skáli sem Landsbjörg notar á sumrin er í eigu FÍ.</li> <li>Að track á óstikuðum gönguleiðum inna friðlandsins verði aðgengilegt göngufólki sem hyggst ganga þær leiðir.</li> <li>Stækka og bæta við svæðum sem eru skilgreind sem svæði 1 á svæðisskiptingakortinu í viðauka verndaráætlunar.</li> <li>Að hópastærð verði sett einnig á gönguhópa sem áætla gönguferð að Grænahrygg og í Hattver.</li> <li>Skoða frekari takmarkanir á þyluflugi þar sem eitt af verndarmarkmiðum er að vernda óbyggðarupplifun.</li> <li>Setja inn umfjöllun um náttúruvá í öryggiskaflann.</li> <li>Landsvirkjun á ræsi í Jökuldalakvísl, þegar þau verða fjarlægð þarf að láta laga undirlag svo öruggara sé að ríða yfir kvíslina.</li> <li>Ábending varðandi ýmis orðalög á köflum og örnefnum sem voru rangt skrifuð. Lagfært jafn óðum.</li> </ul>	

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gönguleið á Suðurnám verði sett í forgang í að lagfæra. Það er nú þegar komið á áætlun Landsáætlunar á næsta ári 2021</li> </ul>	
<b>3</b>	<b>Niðurstaða fundar:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Ákveðið að boða til annars fundar áður en áætlun fer í auglýsingu. Áætlun verður afgreidd á UST og í framhaldinu boðað til aukafundar með ráðgjafanefnd.</li> </ul>	<i>UST</i>
<b>4</b>	<b>Fundi slitil kl. 15:00</b>	